



Auknum hagvexti og vaxandi verðbólgu spáð í viðskiptalöndum Íslands

Ný spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) gerir ráð fyrir auknum hagvexti í helstu viðskiptalöndum Íslands á allra næstu árum. Litið lengra fram í tímann verður vöxturinn hins vegar örlítið minni en áður hafði verið spáð. Verðbólga verður einnig talsvert meiri á þessu ári en áður hafði verið vænst en örlítið minni á næsta ári og komandi árum. Þetta eru heilt yfir jákvæð tíðindi fyrir Ísland, a.m.k. til skamms tíma, þar sem aukinn hagvöxtur í helstu viðskiptalöndum hefur alla jafna í för með sér aukna eftirspurn eftir útflutningsvörum og þjónustu landsins. Horfur á aukinni verðbólgu erlendis auka jafnframt líkurnar á því að vaxtastig á erlendum mörkuðum fari að þokast upp á við og dragi þar með e.t.v. úr vaxtamun okkar við útlönd.


Víðtækari hagvöxtur í heiminum

Í [nýrri skýrslu AGS](#) segir að þeim efnahagslega uppgangi sem hófst um mitt ár 2016 vaxi ásmegin og teygi sig nú til fleiri landa. AGS gerir ráð fyrir að þróuð ríki muni halda áfram að vaxa umfram langtíma framleiðslugetu á þessu og næsta ári áður en hægi á vextinum á ný. Fyrir flest lönd er núverandi vöxtur ekki kominn til að vera og gert ráð fyrir að vöxturinn verði minni litið til lengri tíma. AGS gerir ráð fyrir að hagvöxtur í heiminum í heild verði 3,9% næstu tvö árin en það er verulega yfir spá sjóðsins frá því í október. Það sem einkum skýrir meiri vöxt er meiri hagvöxtur á evrusvæðinu, Japan, Kína og Bandaríkjunum sem í öllum tilfellum jókst umfram væntingar á síðasta ári.

Að sögn AGS hefur álíka víðtæk og sterk hagvaxtarþróun í heiminum ekki sést síðan árið 2010 þegar hagkerfi víða um heim náðu loks viðspyrnu upp á við í kjölfar alþjóðlegu fjármálakreppunnar á árunum 2008 og 2009.

Hagvöxtur síðasta árs umfram spá

Þessa nýja spá gerir ráð fyrir meiri hagvexti í viðskiptalöndum Íslands en síðasta spá sjóðsins frá því í október í fyrra. Hagvöxtur í viðskiptalöndunum var ívið meiri á síðasta ári en áður hafði verið spáð. Þannig mældist 2,3% hagvöxtur í viðskiptalöndunum¹ borið saman við fyrri spár um



¹ Hagvöxtur er veginn með viðskiptavog Íslands gagnvart helstu viðskiptalöndum



2,2% hagvöxt. Um helmingurinn af mismuninum skýrist af meiri hagvexti á evrusvæðinu. Hagvöxtur á evrusvæðinu mældist 2,3% en gert hafði verið ráð fyrir 2,1% hagvexti. Hagvöxtur í Noregi reyndist 1,8% en gert hafði verið ráð fyrir 1,4% vexti. Hagvöxtur í Bandaríkjunum reyndist 2,3% en spáð hafði verið 2,2% vexti. Á móti kom að hagvöxtur í Svíþjóð reyndist 2,4% sem var nokkuð undir spá AGS um 3,1% vöxt.


Meiri hagvöxtur í Bandaríkjunum og á evrusvæðinu

Litið fram á veginn hefur spá um hagvöxt í viðskiptalöndunum hækkað töluvert fyrir þetta og næsta ár. Þannig gerir AGS núna ráð fyrir 2,9% hagvexti í Bandaríkjunum á þessu ári í stað 2,3% áður. Á evrusvæðinu er nú gert ráð fyrir 2,4% hagvexti í stað 1,9% áður en samtals vega Bandaríkin og evrusvæðið um helming af viðskiptavog Íslands gagnvart öðrum löndum. Gert er því ráð fyrir að hagvöxtur á þessu ári í viðskiptalöndum Íslands verði 2,5% í stað fyrri spár upp á 2,1%. Hækkun spáa um hagvöxt í Bandaríkjunum og evrusvæðinu skýrir langstærstan hluta af hækkaðri spá um hagvöxt í viðskiptalöndum Íslands á þessu ári. Athyglisvert er að sjá að hagspá AGS fyrir þetta ár hefur verið færð upp á við fyrir öll löndin í viðskiptavoginni nema eitt. Þetta land er Kanada en þar er spáð 2,1% hagvexti á þessu ári. Mesta breytingin í tölugildi er hjá Sviss en nú er spáð 2,3% hagvexti í stað 1,3% áður. Það viðskiptaland sem gert er ráð fyrir að vaxi langmest er Kína þar sem spáð er 6,6% hagvexti á þessu ári. Það er aðeins minni hagvöxtur en verið hefur á síðustu árum en hagvöxtur hefur legið á bilinu 6,7-6,9% síðustu þrjú ár. Litið lengra fram í tímann gerir AGS ráð fyrir að hagvöxtur haldi áfram að leita niður á við og verði 5,8% árið 2022.

Meiri hagvexti einnig spáð á næsta ári

Á næsta ári spáir AGS 2,2% hagvexti í viðskiptalöndunum í stað 1,9% áður. Það sem helst skýrir aukinn hagvöxt í viðskiptalöndunum er meiri hagvöxtur í Bandaríkjunum og á evrusvæðinu. Litið lengra fram í tímann, til áronna 2020-2022, er gert ráð fyrir að vöxturinn verði eilítið minni en áður hafði verið spáð. Meðalhagvöxturinn í viðskiptalöndunum verður samkvæmt nýjustu spá AGS á bilinu 1,7-1,9%. Sjóðurinn hafði áður gert ráð fyrir spá upp á 1,8-1,9% á sama tímabili.

Hagvaxtarspá 2018



Heimild: AGS



Meiri verðbólga á þessu ári en minni á því næsta


AGS gerir einnig ráð fyrir að verðbólga í viðskiptalöndunum verði hærra en áður hafði verið spáð. Þannig spáir AGS 1,9% verðbólgu á þessu ári en gerði áður ráð fyrir 1,8% verðbólgu. Þetta er í sjálfu sér fremur lítil hækkun á verðbólguþáttinum en þar sem verðbólga hér á landi helst í hendur við verðbólgu í viðskiptalöndunum til lengri tíma litið er líklegt að hærra verðbólga í viðskiptalöndunum leiði til hærra verðbólgu hér á landi. Áhrifin verða þó líklega lítil.

Líkt og með hagvaxtarþróunina eru það fyrst og fremst evrusvæðið og Bandaríkin sem skýra hækkun spárinnar. Gert er ráð fyrir 2,5% verðbólgu í Bandaríkjunum á þessu ári en áður hafði verið gert ráð fyrir 2,1% verðbólgu. Á evrusvæðinu hafði áður verið gert ráð fyrir 1,4% verðbólgu en nú gerir AGS ráð fyrir 1,9% verðbólgu. AGS hefur þó einnig fært verðbólguþátt sína niður fyrir sum lönd. Þannig er nú gert ráð fyrir minni verðbólgu í frændríkjum okkar Svíþjóð, Noregi og Danmörku. Breytingin á verðbólguþáttinum fyrir þessi þrjú lönd er þó í öllum tilfellum mjög lítil. Verðbólga í þessum þremur löndum verður á bilinu 1,4-1,9% á þessu ári samkvæmt spánni. Mesta breytingin á tölugildinu í spánni liggur hjá Japan en þar er spáð 1,1% verðbólgu á þessu ári samanborið við fyrri spá upp á 0,5%. Japan var lengi vel í klóm verðhjöðnunar sem landinu gekk erfiðlega að komast út úr. Af 5 síðustu árum hefur landið verið með verðbólgu í 4 ár en lítils háttar verðhjöðnun mældist árið 2016.

Spáð minni verðbólgu á næsta ári

Sé horft á næsta ár hafa horfurnar breyst en með öfugum formerkjum. Þannig gerir AGS nú ráð fyrir minni verðbólgu en áður hafði verið spáð. AGS spáir nú 1,9% verðbólgu í viðskiptalöndum Íslands á næsta ári í stað 2% áður. Þetta skýrist einnig að mestu leyti af væntingum um minni verðbólgu í Bandaríkjunum annars vegar og evrusvæðinu hins vegar. Þannig gerir AGS nú ráð fyrir 2,4% verðbólgu í Bandaríkjunum í stað 2,7% áður og spáin fyrir evrusvæðið hljóðar nú upp á 1,6% í stað 1,7% áður.

Verðbólguþáttur 2018



Heimild: AGS



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.